

Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 1066/2014, um velferð sauðfjár og geitfjár.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 14. gr. reglugerðarinnar:

- a. 2. málsl. hljóðar svo: Um rýmisþörf í húsi fer samkvæmt A-lið viðauka I og skal á hverjum tíma vera hægt að sýna fram á að slíkt rými sé til staðar í aðgengilegri fjarlægð fyrir vetrarfóðraðar kindur og geitur.
- b. Við bætist nýr 3. málsl. svohljóðandi: Eigandi þarf að geta sýnt fram á að hann geti hýst allt sitt sauðfé og geitfé með skömmum fyrirvara ef válynd veður verða.

2. gr.

Bráðabirgðaákvæði reglugerðarinnar orðast svo: Fjárhús og geithús sem byggð eru fyrir gildistöku reglugerðar þessarar skulu uppfylla skilyrði 4. mgr. 14. gr. fyrir 31. desember 2022.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 55/2013, um velferð dýra og lögum nr. 25/1993, um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 30. júní 2021.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Kolbeinn Árnason.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.